



ÓSK UM FRAMLAG Í FORMI HVATNINGAR OG STYRKS

20. janúar 2014

Kæra sveitarfélag,

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) er verkefni sem hvetur til nýsköpunarkennslu í grunnskólum landsins. Nú þegar taka um 50 grunnskólar þátt að jafnaði með um 3000 umsóknir á landsvísu. Starfið fer fram allt árið um kring, með uppskeru í lok skólaárs. Tilgangur NKG er að gera einstaklingnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir. NKG er mikilvæg hvatning til nemenda og kennara í starfi sínu.

Það er verkefninu mikilvægt að sveitafélögin sýni stuðning sinn í verki. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir verkefnið um 5 milljónir sem nemur um 55% af kostnaðaráætlun, en hún hljóðar upp á rúmar 9,5 milljónir króna. Upplýsingar um verkefnið og bakland má finna á glænýrri vefsíðu www.nkg.is.

**Tillaga NKG að upphæð styrks
eru 35 til 250 þúsund kr. eftir stærð sveitarfélaga**

NKG hefur innihald aðalnámskrár grunnskóla 2011 í forgrunni í starfi sínu. Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 er „sköpun“ skilgreind sem ein af grunnþáttum í íslenskri menntun. Þar segir m.a.: „... til að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu skal m.a. leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi“.

Við hvetjum ykkar til að skoða með hvaða hætti nýsköpunarkennsla fer fram innan ykkar grunnskóla. Sem og hvetja skólastjórnendur, kennara og nemendur með í þá vegferð, að efla nýsköpunarment á Íslandi.

Viljum í því tilliti benda á þjónustu sem við bjóðum uppá gjaldfrjálst. Undanfarna mánuði hefur Anna Þóra Ísfold, framkvæmdastjóri NKG farið í grunnskóla víða um land með 30 mínútna fyrirlestur um verkefnið fyrir kennara miðstigs, verkgreinakennara og stjórnendur skólans. Fyrirlesturinn er í senn hvatning til teymisins við innleiðingu á nýsköpunarment sem og fróðleikur um verkefnið í heild.

Einnig bendum við á handbók í nýsköpunarment „Komdu með í uppfinningarferð“ sem fá má gjaldfrjálst fyrir kennarahópinn, hjá Námsgagnastofnun.

Velgengi NKG veltur á því hversu vel tekst til með skipulag, framkvæmd og sýnileika. Margar hendur vinna létt verk. Framkvæmdaraðilar vonast eftir að njóta stuðnings ykkar sem fyrr.

Með nýsköpunarkveðju, Anna Þóra Ísfold, framkvæmdarstjóri í síma 615 0574